



Í Strandabyggð búa rúmlega 500 íbúar og er Hólmavík þéttbýlisstaðurinn. Atvinnulíf í sveitarfélaginu er fjölbreytt og skólastarf öflugt. Í Strandabyggð er blómlegt tómstunda-, íþrótt- og menningarlíf. Félagsstarf í sveitarfélaginu er fjölbreytt og þar er hugað að því að sem flestir aldurshópar fái notið sín til fullnustu. Góð aðstaða er til íþróttaiðkunar og menningarlíf er kraftmikið og fjörukt allt árið um kring. Nánari upplýsingar um Strandabyggð er að finna á vefsíðunni www.strandabyggd.is.

Fjögur spennandi störf í Strandabyggð

Stöður skólastjóra og aðstoðarskólastjóra við Grunn- og tónskóla Hólmavíkur

Markmið og verkefni

- Stjórnun og ábyrgð á daglegri starfsemi, fjárhagsáætlunum og rekstri skólans
- Fagleg forysta
- Stuðla að framþróun skólastarfsins
- Ráðningar og mannauðsstjórnun
- Leiða samstarf starfsmanna, nemenda, heimila og skólasamfélagsins í heild
- Aðstoðarskólastjóri er staðgengill skólastjóra í forföllum hans

Menntun, færni og eiginleikar

- Grunnskólakennaramenntun og önnur reynsla skv. lögum nr. 87/2008, 12. gr.
- Skipulags- og stjórnunarfærni
- Samskiptafærni og geta til að tjá sig í ræðu og riti
- Frumkvæði og styrkur í ákvarðanatöku
- Hvetjandi og góð fyrirmynd

Um framtíðarstarf er að ræða.

Staða tómstundafulltrúa í Strandabyggð

Markmið og verkefni

- Umsjón og stefnumótun á sviði tómstunda-, íþrótt- og menningarmála
- Hefur umsjón með og leiðir starf ungs fólks í sveitarfélaginu
- Stuðningur við félagasamtök varðandi skipulag og stjórnun
- Samningagerð
- Verkefna- og viðburðastjórnun

Menntun, færni og eiginleikar

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Skipulags- og stjórnunarfærni
- Samskiptafærni og geta til að tjá sig í ræðu og riti
- Frumkvæði og hugmyndaauðgi
- Hvetjandi og góð fyrirmynd

Um framtíðarstarf er að ræða.

Tímabundin staða leikskólastjóra við leikskólann Lækjarbrekku í Strandabyggð

Markmið og verkefni

- Stjórnun og ábyrgð á daglegri starfsemi, fjárhagsáætlunum og rekstri skólans
- Fagleg forysta
- Ráðningar og mannauðsstjórnun
- Stuðla að framþróun í skólastarfi
- Leiða samstarf starfsmanna, nemenda, heimila og skólasamfélagsins í heild

Menntun, færni og eiginleikar

- Leikskólakennaramenntun og önnur reynsla skv. lögum nr. 87/2008, 10. gr.
- Skipulags- og stjórnunarfærni
- Samskiptafærni og geta til að tjá sig í ræðu og riti
- Frumkvæði og styrkur í ákvarðanatöku
- Hvetjandi og góð fyrirmynd

Um er að ræða afleysingarstarf til 10 mánaða vegna fæðingarorlofs.

Upplýsingar veita:

Þórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

Rannveig J. Haraldsdóttir
rannveig@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 7. apríl nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

BÝR Í ÞÉR ELDMÓÐUR?

Valitor óskar eftir að ráða **verkefnastjóra** á Vörubrúunar- og nýsköpunarsvið

Ábyrgðar- og starfssvið

- Stjórnun verkefna á sviði kortaútgáfu og færsluhirðingar í samræmi við stefnu fyrirtækisins
- Frumskráning, greining og skipulagning verkefna
- Umsjón og ábyrgð á verkefnaáætlun, ásamt upplýsingagjöf til stjórnenda og viðskiptavina
- Ráðgjöf og þjálfun við verkefnastýringu
- Náið samstarf við upplýsingatækni- og vörustjóra
- Mikil samskipti við innlenda og erlenda samstarfsaðila

Menntun og hæfniskröfur

- Háskólapróf í tölvunar- eða verkfræði eða sambærilegt nám sem nýtist í starfi
- Framhaldsmenntun á sviði verkefnastjórnunar kostur
- Umtalsverð starfsreynsla á sviði verkefnastýringar í upplýsingatækni eða vörubrúun
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Framkvæmdavilji og metnaður
- Gott vald á íslensku og ensku
- Reynsla af Agile hugmyndafræði er kostur

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is fyrir 2. apríl nk. Upplýsingar veitir Kristín Guðmundsdóttir, kristin@hagvangur.is

HAGVANGUR

Valitor er traust og alþjóðlegt fyrirtæki á sviði greiðslulausna sem er stöðugt að skapa nýjar lausnir fyrir viðskiptavinum sínum. Valitor metur góða starfsmenn og við viljum að starfsferill þinn hjá okkur veiti þér áskorun, ánægju og innlifun. Gildin okkar, forysta, frumkvæði, traust og samvinna, knýja samhentan og metnaðarfullan starfshóp áfram í stöðugri viðleitni til að bæta þjónustuna.

VALITOR

Sala / afgreiðsla

Trefjar ehf. óska eftir einstaklingi til starfa við afgreiðslu og sölu í verslun sinni að Óseyrarbraut 29 Hafnarfirði. Vinnutími er 10 – 18 mánudaga til föstudaga.

Umsóknarfrestur er til 26. mars 2013.
Öllum umsóknum verður svarað og fullum trúnaði heitið.
Umsóknir skulu sendar á netfangið: info@trefjar.is

Leiðandi í framleiðslu
plastbáta á Íslandi



TREFJAR EHF er leiðandi í framleiðslu plastbáta á Íslandi undir nafninu Cleopatra. Meirihluti framleiðslunnar er seldur á erlenda markaði. Fyrirtækið er handhafi Útflutningsverðlauna Forseta Íslands 2012. Fyrirtækið framleiðir einnig heita potta og ýmsar aðrar vörur úr plastefnum. www.cleopatra.is og www.trefjar.is

TREFJAR EHF.

ÓSEYRARBRAUT 29 • 220 HAFNARFIRÐI SÍMI: 550 0100 • FAX: 550 0120
CLEOPATRA@TREFJAR.IS • WWW.TREFJAR.IS



Starfsmaður hjá Sundlaug Kópavogs fram tíðarstarf – karl

Laust er til umsóknar fullt starf við laugarvörslu, þrif, baðvörslu í búningaklefum karla og í móttöku sundlaugarinnar. Unnið er á vöktum. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf fyrri hlutann í apríl.

Menntunar- og hæfniskröfur

Góð sundkunnátta áskilin. Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri og vera reglusamir, vinnusamir og þjónustulundaðir. Athugið að starfið hentar ekki síður þeim sem eru komnir á og yfir miðjan aldur en þeim sem yngri eru.

Eingöngu karlar koma til greina í starfið.

Laun eru samkvæmt samningi Starfsmannafélags Kópavogs og Launanevndar sveitarfélaga.

Nánari upplýsingar um starfið gefur Jakob Þorsteinsson í síma 840 2689 eða í tölvupósti, jakob@kopavogur.is.

Umsóknarfrestur er til og með 3. apríl nk.

Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt á www.kopavogur.is.

Sundlaug Kópavogs er staðsett í vesturbæ Kópavogs stutt frá Hamraborginni. Mannvirkið var að stórum hluta endurnýjað á árinu 2008 og er einn stærsti sundstaður landsins. Hjá lauginni starfa á þriðja tug manna, við þjónustustörf og öryggisgæslu.



Kópavogsbær

kopavogur.is

ERT ÞÚ Á SKRÁ?

Skráning á www.vinna.is er umsækjendum að kostnaðarlausu!



Capacent Ráðningar

SÉRHÆFT SKRIFSTOFUSTARF

ADVEL lögmenn óska eftir að ráða hörkuduglegan starfsmann til að sinna fjölbreyttum skrifstofustörfum í krefjandi umhverfi. Leitað er að ábyrgum og metnaðarfullum starfsmanni sem er fylginn sér, sveigjanlegur og lipur í samskiptum. Viðkomandi heyrir undir skrifstofustjóra.

ADVEL er lögmennsstofa sem hefur um árabíl lagt áherslu á að veita viðskiptavinum sínum hagnýta lögfræðiráðgjöf. ADVEL býður upp á fjölbreytt verkefni í góðum hópi sérfræðinga, metnaðarfullt starfsumhverfi og góða vinnuástöðu.

Starfssvið:

- Skráning og afstemmingar bókhalds
- Umsjón með verkbókhaldi og tímaskýrslum
- Reikningagerð og eftirfylgni
- Úrvinnsla gagna og upplýsinga, skýrslugerð o.fl.
- Önnur tilfallandi verkefni á skrifstofu

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Viðtæk reynsla af bókhaldi nauðsynleg
- Þekking og reynsla á verkbókhaldi nauðsynleg
- Próf sem viðurkenndur bókarari eða menntun á sviði viðskipta kostur
- Sjálfstæði, frumkvæði og nákvæmni í vinnubrögðum
- Góð tölvukunnátta, sér í lagi á Excel og DK bókhaldskerfi eða sambærilegu upplýsingakerfi
- Færni í mannlegum samskiptum og hæfileiki til að vinna í hóp
- Mjög góð enskukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með 4. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Erik Christianson Chaillot (erik.chaillot@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

SÉRFRÆÐINGAR Í UPPLÝSINGATÆKNIDEILD



LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS
Við erum til taks

Landhelgisgæsla Íslands auglýsir til umsóknar störf sérfræðinga í upplýsingatæknideild. Störfin heyra undir deildarstjóra upplýsingatæknideildar.

Störfin felast í vinnu við:

- Tölvu- og netbúnað, þar með talið staðar- (LAN) og víðnetskerfi (WAN)
- Símkkerfi, öryggis- og myndavélakerfi og fjarskiptakerfi
- Uppsetningu og þjónustu vegna einmenningstölva, netþjóna, jaðartækja og hugbúnaðar
- Bakvaktarþjónustu gagnvart ofangreindum kerfum

Landhelgisgæsla Íslands ber ábyrgð á öryggis- og löggæslu, eftirliti sem og leit og björgun á hafinu og rekur í þeim tilgangi meðal annars stjórnstöð, varðskip og loftför. Þá annast Landhelgisgæslan sjómælingar og sjókortagerð, sprengjueyðingu, framkvæmd varnartengdra verkefna auk fjölmargra annarra verkefna. Starfsstöðvar Landhelgisgæslunnar eru í Reykjavík, á öryggissvæðum á Keflavíkurlugvelli og á ratsjár- og fjarskiptastöðvum í hverjum landsfjórðungi.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Um er að ræða fullt starf. Viðkomandi þurfa að geta staðist öryggisvottunarkröfur samkvæmt lögum nr. 52/2006 og 34/2008.

Umsóknarfrestur er til og með 8. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.

Umsókn um störfin þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veita Röbert Þór Gunnarsson, deildarstjóri hjá Landhelgisgæslunni (robert.gunnarsson@lhg.is), Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) og Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

VERKEFNASTJÓRI Í SVÆÐASAMSTARFI



iceida

ICELANDIC INTERNATIONAL DEVELOPMENT AGENCY
ÞRÓUNARSAMVINNUSTOFNUN ÍSLANDS

Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) auglýsir eftir verkefnastjóra í svæðasamstarfi. Verkefnastjóri annast daglega stjórn svæðaverkefna ÞSSÍ í Afríku sem unnin eru í samstarfi við ríkisstjórnir, alþjóðastofnanir, samtök og fyrirtæki.

Starfssvið:

- Verkefnastjórn og undirbúningur verkefna í svæðasamstarfi í þróunarsamvinnu
- Áætlanagerð, útboð, samningagerð og eftirfylgni
- Greinaskrif og skýrslugerðir
- Samvinna og samskipti við framkvæmda-, fjármögnunar- og hagsmunaaðila verkefna

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking á þróunarmálum og starfsreynsla af þróunarsamvinnu
- Þekking og reynsla af verkefnastjórn, útboðsmálum og áætlanagerð
- Góð kunnáttu á íslenska og ensku, í ræðu og riti
- Þekking á stjórnsýslu og meðferð fjármuna og á helstu stjórnækjum í þeim efnum
- Hæfni og lipurð í samskiptum og upplýsingamiðlun
- Aðlögunarhæfni og geta til að starfa undir álagi

Svæðasamstarfið getur tekið til jarðhitamála, fiskimála, jafnréttismála og umhverfismála. Starfsmaður vinnur undir stjórn framkvæmdastjóra Þróunarsamvinnustofnunar Íslands og hefur aðsetur í Reykjavík. Reikna má með talsverðum ferðalögum og fjarveru frá heimili. Ráðið verður í starfið til tveggja ára. Við ráðningu í störf hjá ÞSSÍ er tekið mið af jafnréttisáætlun stofnunarinnar.

Umsóknarfrestur er til og með 8. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS

capacent



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Mannauðsráðgjafi

Ertu að leita að starfi þar sem hæfileikar þínir fá notið sín?

Velferðarsvið óskar eftir að ráða öflugan mannauðsráðgjafa til starfa í mannauðsþjónustu sviðsins. Við bjóðum uppá fjölbreytt og krefjandi starf í metnaðarfullu starfsumhverfi, þar sem hæfileikar starfsmanna fá notið sín. Við bjóðum uppá þátttöku í þróun starfsumhverfis og verkefna.

Starfssvið

- Skipulagning og stefnumótun símenntunar og starfsþróunar.
- Ráðgjöf við stjórnendur og fræðslufulltrúa vegna símenntunar og starfsþróunar.
- Ráðgjöf og kennsla varðandi starfsþróunarsamtöl og gerð símenntunaráætlana.
- Stuðningur, ráðgjöf og fræðsla til stjórnenda varðandi mannauðstengd málefni.
- Stuðningur, eftirfylgd og ráðgjöf vegna vinnustaðagreininga.
- Þátttaka í vinnuhópum á sviði starfsmannamála bæði innan sviðs og borgarkerfis.
- Ýmis önnur verkefni sem lúta að því að gera starfsstaði velferðarsviðs að eftirsóknaverðum vinnustöðum.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun á sviði mannauðsmála.
- Þekking og reynsla á sviði mannauðsmála.
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.

Við leitum að starfsmanni í fullt starf sem getur hafið störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurboragar og viðkomandi stéttarfélags.

Umsækjendur er vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurboragar www.reykjavik.is/storfibodi. Umsóknarfrestur er til og með 3. apríl nk.

Nánari upplýsingar veitir Lóa Birna Birgisdóttir starfsmannastjóri, loa.birna.birgisdottir@reykjavik.is og í síma 411-9024. Vakin er athygli á þeirri stefnu Reykjavíkurboragar að jafna hlut kynja í störfum.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurboragar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Eftirlit og þjónusta fasteigna

Fyrirtæki sem sérhæfir sig í fasteignaþjónustu óskar eftir að ráða jákvæðan, dugmikinn og reyklausan einstakling til starfa.

Í starfinu felst ábyrgð á eftirliti og þjónustu með eignum á höfuðborgarsvæðinu.

Leitað er að jákvæðum einstaklingi með færni í mannlegum samskiptum. Viðkomandi þarf að hafa ríka skipulagshæfileika og þjónustulund auk þess að vera laghentur og að geta unnið sjálfstætt. Íslenskukunnátta er skilyrði.

Um er að ræða 100% starf auk bakvakta.

Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst og þurfa að hafa hreint sakavottorð. Umsóknir ásamt ferilskrá með mynd berist á netfangið fasteignausjon@gmail.com fyrir miðvikudaginn 27. mars.

Aðstoðarkona óskast

Hjartahly, kærleiksrik, róleg og umvefjandi kona við góða líkamlega heilsu á aldrinum 35–55 óskast til að aðstoða langveika konu um þrúgt og sérstaklega vera henni tilfinningalegur stuðningur en einnig mögulega að geta aðstoðað við ýmsa hluti eins og að fara með hundinn, versla fyrir hana og þrifa. Vinnutími yrði óreglulegur en samt yrði gert vinnuþáttur og skipulag.

Aðstoðarkonan þyrfti að hafa vítt þekkingarsvið og áhuga á vinnunni sem og hafa mikinn skilning á líkamlegum og andlegum veikindum og vera góður hlustandi. Best væri ef viðkomandi hefði einhverja grunnþekkingu á geðröskunum og reynslu úr heilbrigðisgeiranum. Unnið verður eftir hugmyndafræðinni um notendastýrða persónulega aðstoð. Áhugasamir sendi tölvupóst á netfangið adstodarkona@gmail.com.

VILTU VINNA Í KREFJANDI, LIFANDI OG SKAPANDI UMHVERFI?

Vegna aukinna umsvifa leitum við að kraftmiklu og hæfileikaríku fólki til starfa á Íslensku auglýsingastofunni.

Umsókn sendist rafrænt á starf@islenska.is ekki síðar en 27. mars 2013. Allar umsóknir eru trúnaðarmál. Nánari upplýsingar um störfin er að finna á www.islenska.is



Íslenska

Reynslumikill markaðsráðgjafi — Account director

Starfið:

- Umsjón með ráðgjöf til stærri viðskiptavina stofunnar.
- Utanumhald og eftirfylgni með einstökum verkefnum.
- Leiða verkefni innan stofunnar í samvinnu við hugmynda- og hönnunarteymi.
- Dagleg samskipti við viðskiptavini.

Markaðsráðgjafi — Account executive

Starfið:

- Utanumhald og eftirfylgni með einstökum verkefnum í samráði við stjórnendur.
- Samvinna við hugmynda- og hönnunarteymi stofunnar varðandi ýmis verkefni.
- Ráðgjöf til viðskiptavina stofunnar.
- Dagleg samskipti við viðskiptavini.

Digital ráðgjafi — Digital strategist

Starfið:

- Skipulagning, eftirlit og stjórnun á auglýsingaherferðum á Google, Facebook og öðrum vefjum (PPC, CPM) og ráðgjöf í leitarvélbestun til viðskiptavina stofunnar.
- Greiningar og eftirfylgni með markaðsaðgerðum á netinu og eftirlit með að markaðsefni sýni jákvætt ROI.
- Hugmyndasmíði vefauglýsinga (auglýsingatextar, vefborðar o.s.frv.)
- Náð samstarf með vefhönnuðum og hugmynda-smíðum (t.d. við hönnun á vefauglýsingum, ábyrgð á lendingarsíðum).

Hreyfihönnuður — Motion graphics

Starfið:

- Að skapa framúrskarandi efni fyrir hina ýmsu nýmiðla í samvinnu við hugmynda- og hönnunarteymi, og markaðsráðgjafa stofunnar.

Textasmiður — Copywriter

Starfið:

- Skrif á skýrum, spennandi og hnitmiðuðum texta sem vekur tilfinningar með lesendum.
- Skrif á kjarnyrtri íslensku og lýtalausri ensku fyrir prent, sjónvarp og netmiðla.
- Löngun til að leggja sig fram á milli níu og fimm og oftar en ekki milli fimm og níu.

Birtingaráðgjafi — Media planner

ABS media, dótturfyrirtæki Íslenska, óskar eftir birtingaráðgjafa.

Starfið:

- Birtingaráðgjöf, framkvæmd, áætlana og eftirfylgni með þeim.
- Samskipti við viðskiptavini og birtingamiðla.
- Greining og úrvinnsla gagna í tengslum við áætlanagerð.

Íslenska hefur verið í fremstu röð íslenskra auglýsingastofa í 25 ár og er stolt af því að hafa komið að kynningu öflugustu vörumerkja á Íslandi. Íslenska er auglýsingastofa númer eitt á Íslandi í árlegri könnun Capacent meðal markaðsstjóra 2012 og 2013 og eina auglýsingastofan í hópi framúrskarandi fyrirtækja Creditinfo árið 2011 og 2012.

Oracle sérfræðingar

Óskum eftir að komast í samband við Oracle gagnagrunssérfræðinga (DBA) sem langar að leita nýrra tækifæra.

Sjá nánari upplýsingar á www.intellecta.is

Síðumúla 5 ■ 108 Reykjavík ■ sími 511 1225 ■ www.intellecta.is

intellecta

■ ráðgjöf ■ ráðningar ■ rannsóknir

World Class leitar eftir fólki



Við óskum eftir starfsfólki í ræstingar

Starfsmaður óskast í ræstingar hjá World Class. Um er að ræða 50% starf, virka daga. Umsóknir berast til Hólmfríðar, holly@worldclass.is fyrir 24. mars 2013.

World Class is looking for a person in our cleaning department. 50% job position during weekdays. Please send applications to Hólmfríðar, holly@worldclass.is before 24. March 2013.



Verkefnastjóri og aðstoðarkonur óskast til starfa

Ég er rúmlega tvítug kona með þroskahömlun/einhverfu og leita eftir aðstoðarkonum á aldrinum 20-35 ára í spennandi og krefjandi starf. Ég bý á Suðurnesjum og fer daglega í Hæfingu. Ég þarfnast aðstoðar við allar athafnir daglegs lífs til að lifa eins sjálfstæðu lífi og kostur er, sbr. lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992. Um er að ræða dag-, kvöld og næturvaktir á virkum dögum og um helgar. Unnið verður eftir hugmyndafræðinni um notendastýrða persónulega aðstoð.

Starfs- og ábyrgðarsvið verkefnastjóra

- Dagleg stýring og gerð þjónustuáætlunar
- Yfirumsjón með vöktum aðstoðarkvenna
- Samskipti við þjónustuaðila s.s. félagsþjónustu, Hæfingarstöð ofl.
- Skipulag fræðslu og ráðgjafar til aðstoðarkvenna
- Vaktir og aðstoð við athafnir daglegs lífs

Menntun og hæfniskröfur vegna starfs verkefnastjóra

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi s.s. þroskaþjálfun eða fötlunarfræði
- Góð reynsla á sviði málefna fólks með fötlun
- Jákvæðni, virðing, sveigjanleiki og lipurð í samskiptum
- Hreint sakavottorð
- Reyklaus
- Bílpróf

Starfs- og ábyrgðarsvið aðstoðarkvenna

- Aðstoð við athafnir dagslegs lífs m.a. hreinlæti, klæðnað, matargerð, tiltekt og keyrslu
- Aðstoð við þátttöku í samfélaginu s.s. tómstundir og félagslíf
- Vinna samkvæmt þjónustuáætlun
- Auka lífsgæði og sjálfstæði

Hæfniskröfur vegna starfa aðstoðarkvenna

- Mikilvægt er að umsækjandi hafi góða reynslu á sviði málefna fólks með fötlun
- Jákvæðni, virðing, sveigjanleiki og lipurð í samskiptum
- Hreint sakavottorð
- Reyklaus
- Bílpróf

Umsóknarfrestur er til 5. apríl 2013. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir Kolfinna Magnúsdóttir talsmaður í síma 864-9192 eða Guðrún Björg Sigurðardóttir félagsráðgjafi í síma 420-7555. Einnig má senda fyrirspurnir á kolfinnasm@simnet.is eða guðrun@sandgerdi.is

Umsóknir og ferilskrár þar sem tilgreindir eru 2-3 meðmælendur sendist á ofangreind netföng.

ATVINNA Á SUÐURNESJUM OG HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Hjá Eimskip starfar öflugur hópur fólks sem hefur gildi félagsins, *árangur, samstarf og traust* að leiðarljósi í störfum sínum. Nú leitum við að nýjum liðsmönnum til starfa.

Framtíðarstarf

Eimskip leitar að bílstjóra til framtíðarstarfa við akstur dráttarbíla. Um er að ræða vaktavinnu en upphaf og lok vinnudags eru á Suðurnesjum og því er æskilegt að umsækjendur séu búsettir á svæðinu. Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega.

Meirapróf og réttindi til að aka með tengivagn (CE) er skilyrði fyrir ráðningu. Umsækjendur þurfa að hafa reynslu af akstri dráttarbíla.

Nánari upplýsingar og umsjón með ráðningum hefur Sigríður Guðmundsdóttir í starfsþróunardeild, sími 525 7364, srr@eimskip.is

Við hvetjum áhugasama til að sækja um störfín á heimasíðu Eimskips, www.eimskip.is

Hreint sakavottorð og 18 ára aldur er skilyrði fyrir ráðningu hjá Eimskip.

Sumarafleysingar

Eimskip leitar að bílstjórum í sumarafleysingar í vörudreifingu á höfuðborgarsvæðinu og í akstur dráttar- og flutningabíla á þjóðvegum.

Um er að ræða dag- og vaktavinnu. Meirapróf (C) er skilyrði fyrir ráðningu og réttindi til að aka með tengivagn (CE) eru æskileg.

Eimskip er leiðandi flutningafyrirtæki sem veitir alhliða flutningaþjónustu, byggða á áreiðanlegu og skilvirkri framleiðsluferfi á Norður-Atlantshafi og alþjóðlegri frystiflutningsmiðlun, með framúrskarandi þjónustu að leiðarljósi.

Eimskip skapar tækifæri fyrir starfsmenn til að dafna og vaxa í starfi í góðu og heilbrigðu starfsumhverfi með grunnildi félagsins að leiðarljósi: Árangur – Samstarf – Traust.

Umsóknarfrestur er til 3. apríl 2013.

Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.



HEFUR ÞÚ BRENNANDI ÁHUGA Á BRUNAHÖNNUN?

Verkís leitar að brunahönnuði í fjölbreytt brunahönnunarverkefni og gerð ýmissa greininga t.d. á áhættu, rýmingartíma, reykmyndun og reykútbreiðslu.

Nauðsynlegt er að hafa próf í verkfræði með áherslu á brunahönnun eða áhættugreiningu. Æskilegt er að hafa þekkingu á líkanagerð brunaferla og starfsreynslu í faginu.

Sækja skal um á heimasíðu Verkís fyrir **9. apríl**. Trúnaði er heitið og verður öllum umsækjendum svarað. Upplýsingar gefur Elín Greta Stefánsdóttir, mannauðsstjóri á egs@verkis.is.

Verkís er öflugt og framsækið ráðgjafar fyrirtæki sem býður fyrsta flokks þjónustu á öllum sviðum verkfræði. Hjá Verkís starfa um 280 manns að fjölbreyttum verkefnum.

verkis.is | verkis@verkis.is | 422-8000



Unit 12 Riverside Park
Wimborne, BH21 1QU
www.hydroplan.co.uk



Hydroplan is a leading renewable energy consultancy specialising in hydro projects from 0.5 – 10 MW. Formed in 1990, Hydroplan has completed over 500 projects in UK, from feasibility studies to design and project management. Hydroplan is committed to providing practical, cost-effective engineering design and consultancy services with hydro projects up to £20m. Hydroplan has a multi-disciplined international team of skilled engineers and designers complemented by associates with diverse specialist skills and experience. In response to increasing demand, Hydroplan is seeking:

Hydro-Mechanical Engineer

Responsibilities

- Design and specification of hydraulic, mechanical and electrical plant
- Liaise with main contractors and suppliers to confirm detailed design and interfaces
- Liaise with in house civil and structural engineers

Qualifications

- Degree in Mechanical, Hydraulic or Electrical engineering
- More than 10 years relevant experience
- Knowledge of Hydro turbine design and selection
- Commissioning experience preferable
- Based in Wimborne, England; travel (15-30%)

Commissioning engineer

Responsibilities

- On site commissions of Hydro stations
- Liaise with equipment suppliers and specialist contractors
- Investigating problems, diagnosing/repairing faults, troubleshooting

Qualifications

- Degree in Mechanical Engineering or equivalent
- More than 5 years relevant experience
- Practical and thorough knowledge of hydro station control and interaction between devices
- Experience with PLC controlled systems
- Based in Fort William, Scotland; travel (50-80%)

If you have a practical "hands on" approach to engineering with the attitude to solve problems please send applications to Anna Margret Jonsdottir at info@hydroplan.co.uk by **9th of April, 2013**.



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Forstöðumaður búsetukjarna fyrir karla með geð- og fíknisjúkdóma

Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða auglýsir lausa stöðu forstöðumanns í búsetukjarna fyrir tvígreinda karla með virka vímuefnafíkn frá 1. júní 2013.

Hlutverk búsetukjarnans er að auka lífsgæði íbúa og takmarka þann skaða sem lífshættir þeirra valda. Ekki er gerð krafa um að íbúar haldi sig frá neyslu áfengis eða vímuefna meðan á búsetu þeirra stendur. Um langtíma búsetu er að ræða.

Helstu verkefni eru:

- Stjórnun og rekstur búsetukjarnans
- Gerð starfs- og fjárhagsáætlunar og ábyrgð á framkvæmd þeirra
- Stjórnun starfsmannamála og ábyrgð á framkvæmd starfsmannastefnu
- Yfirsýn og innsýn í heilsufar íbúa og þá þjónustu sem þeir fá
- Samantekt á lykiltölum og upplýsingum um starfseminna
- Þátttaka í þverfaglegu samstarfi
- Ábyrgð á þróun þjónustunnar
- Samstarf við íbúa, aðstandendur, málstjóra og heilbrigðisstofnanir

Menntunar og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði heilbrigðis- eða félagsvísinda
- Reynsla af starfi með geðfötlum og/eða fólki með áfengis- og vímuefnasjúkdóma
- Reynsla af stjórnun, forystuhæfileikar og frumkvæði í vinnubrögðum
- Mikil hæfni og lipurð í mannlegum samskiptum og jákvætt viðmót
- Þekking á skaðaminnkandi nálgun í vinnubrögðum æskileg
- Áhugi á þverfaglegri teymisvinnu og valdeflingu
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags. Umsækjendur er vinsamlega beðnið að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf.

Umsóknarfrestur er til 15. apríl 2013.

Nánari upplýsingar veitir Sigtryggur Jónsson, framkvæmdastjóri í síma 411 1600, netfang: sigtryggur.jonsson@reykjavik.is

Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða hefur að markmiði að veita íbúum hverfanna fyrirmyndarþjónustu og stuðla að góðu samfélagi fyrir alla í samvinnu við íbúa, félagsamtök og hagsmunaaðila. Þjónustumiðstöðin sérhæfir sig m.a. í þjónustu við utangarðsfólk.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Bæjarbakari í Hafnarfirði óskar eftir að ráða Bakara til starfa sem fyrst, áhugasamir geta sent umsókn á bakari@bakari.is

Nánari upplýsingar veitir Sigurður í síma 868-1676



Kennarar einstakt tækifæri!
Óskar þú eftir rólegu og fjölskylduvænu umhverfi?

Í Tréglýðir í Skarvum er lítil skóli sem hefur fjölbreyttan starfsráðgjafar og náttúruvænt umhverfi. Hættu er líklegur að skólinn sé nauðsynlegur til að bæta umhverfi þínu og tryggja þér og börnunum þínum besta umhverfi. Skólinn hefur allt til að búa með þér frá L. ágúst 2012. Húsið, stóv og góð útsýn til staðar á skólinum. Síðu til, hringdu í Elínu skólakona 451-4032. Félagsráðgjafar eru til staðar í síma 451-4031. Umsóknarfrestur er til 20. apríl.



Þjónar þú með glæsibrag?

Gallery Restaurant – Hótel Holti er á ný kominn í fremstu röð veitingahúsa á Íslandi og í Evrópu. Nordic Prize verðlaunin og þjónustukannanir bera okkur söguna góða og við ætlum að bæta um betur á þessu ári.

Við leitum að framúrskarandi þjónustulunduðum aðilum til að skapa ógleymanlegar minningar fyrir gesti okkar. Nauðsynlegt er að umsækjendur séu með reynslu af veitingastörfum og hlýlega framkomu.

Vilt þú starfa með fagmönnum að því markmiði að gefa óaðfinnanlega þjónustu í einu fallegasta húsi landsins?

Umsóknir með mynd og ferilskrá sendist á gallery@holt.is



Félagsráðgjafi

Fjölskyldueild Akureyrarbæjar óskar eftir því að ráða félagsráðgjafa til starfa í félagsþjónustu. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. ágúst 2013.

Helstu verkefni eru:

- Félagsleg ráðgjöf samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.
- Fjárhagsaðstoð, móttaka og vinnsla fjárhagsreinda.
- Samþætting verkefna og þróunarstarf á Fjölskyldueild.

Menntunar- og/eða hæfniskröfur:

- Starfsréttindi í félagsráðgjöf.
- Reynsla af vinnu í velferðarþjónustu æskileg.
- Metnaður og áhugi, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Jákvætt viðhorf og góðir samskiptahæfileikar.

Tekið verður tillit til samþykktar bæjarstjórnar Akureyrarbæjar um jafnréttismál við ráðningu í starfið.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félagsráðgjafafélags Íslands.

Upplýsingar um starfið veita Guðrún Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri og Ester Lára Magnúsdóttir, verkefna- stjóri í síma 460 1420 og með því að senda fyrirspurnir á netföngin: gudruns@akureyri.is og ester@akureyri.is.

Einungis er tekið á móti rafrænum umsóknum á heimasíðu Akureyrarbæjar: www.akureyri.is

Umsóknarfrestur er til 4. apríl 2013.



Waldorfskólinn í Lækjarbotnum og Waldorfleikskólinn Ylur óska eftir leik-og grunnskólakennurum til starfa næsta haust.

Í Lækjarbotnum er boðið upp á samfellt skólastig 2-16 ára barna og byggir starfið á uppeldisfræði Rudolf Steiner. Jöfn áhersla er lögð á verklegt, listrænt og bóklegt nám.

Í skólanum eru um 80 börn við leik og störf.

Skólinn er staðsettur 10 km austur af Árbæ í fallegum dal með ævintýrlegu umhverfi.

Umsóknarfrestur er til 3. Apríl og öllum umsóknum verður svarað eftir þann tíma. Umsóknir og fyrirspurnir sendist á waldorf@simnet.is (grunnskóli) og ylur@simnet.is (leikskóli)

MÁLMSMÍÐIR

Við viljum ráða menn starfa sem hafa þekkingu og getu til að smíða vandaðar stálinnréttingar. Aðeins koma til greina fagmenn sem geta unnið sjálfstætt. Framtíðarstarf fyrir rétta menn. Vinsamlegast hafið samband við verkstjóra.



Skeiðarási 8 • 210 Garðabæ • Sími 565 7799

TOYS R US

IT DOESN'T GET BIGGER THAN THIS!

Our store in Reykjavik is looking for an

ASSISTANT STORE MANAGER

Working in close cooperation with the Store Manager, you will be in charge of the daily functions in the store. Your responsibilities will include the following:

- Recruiting, motivating and guiding the new and existing employees
- Being involved in sales, customer service, stock and keeping up the appearance of the store
- Making sure the store is always at top condition and that the shelves are filled with relevant items, depending on the season
- Providing continuous feedback to employees by recognizing and rewarding successful performance and addressing performance-related problems
- Supervising all pricing and signing activities throughout the store
- Total store maintenance, including interior, exterior, equipment and grounds
- Acting as a role model of appropriate loss prevention
- Supervision and follow-up with other departments in Store Manager's absence

You take on all tasks with enthusiasm and you are no stranger to physical work either. You have the will and energy to constantly develop in a rapidly growing organisation, which offers great career opportunities.

You are the person we are seeking, if you:

- Have some previous retail experience
- Possess natural leadership skills
- Know the meaning of good customer service and have the ability to inspire staff
- Are positive, confident and energetic by nature
- Have a sales oriented attitude that will guide other employees to great results
- Can express yourself in English
- Speak fluent Icelandic

Our company culture is youthful, result oriented and down to earth. We offer a versatile job in the biggest toy retailer in the Nordic Countries, a competitive salary, result based bonus and many staff benefits. Our staff management is based on employee development in a positive atmosphere, the focus being on making children happy.

The employment is full time and will begin as soon as we find the right person.

For further information on the position, please contact Sverrir Hjálmarsson recruitment consultant at HH Ráðgjöf, tel. 561 5900.

If you are interested in the job and ready to take on new challenges, apply as soon as possible. Applications for this vacancy are to be submitted online at www.hhr.is

TOYS "R" US in the Nordic Countries is a popular megastore chain selling high-quality children's toys. We are known for our broad range of products and competitive prices while focusing on excellent customer service. Altogether we have over 45 stores in five different countries. TOYS "R" US is a part of TOP-TOY A/S Group. You can read more about us at www.toysrus.is.

Upplýsingaöryggisstjóri

Advania óskar eftir að ráða kraftmikinn og metnaðarfullan einstakling í starf upplýsingaöryggisstjóra. Við leitum að aðila sem hefur brennandi áhuga á upplýsingaöryggi og vill láta verkin tala. Um er að ræða krefjandi starf í spennandi vinnuumhverfi. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fljótlega.

Starfssvið

- Yfirumsjón með stjórnkerfi upplýsingaöryggis skv. ISO 27001
- Umsjón með raunlægum öryggismálum hýsingarsala og húsnæðis
- Yfirumsjón með gerð áhættumats, prófunum og viðhaldi rekstrarsamfellna
- Umsjón með úttektum og úrvinnslu rekstrarfrávika
- Ráðgjöf til stjórnenda og starfsmanna í tengslum við upplýsingaöryggi

Menntun og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnun upplýsingaöryggis skv. ISO 27001
- Þekking á rekstri upplýsingakerfa
- Þekking og/eða reynsla af ISO 9001 er kostur
- Góð enskukunnátta og hæfni í að miðla upplýsingum í töluðu og rituðu máli
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Skipulagshæfileikar og öguð vinnubrögð
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum

Umsóknarfrestur er til og með 2. apríl 2013. Vinsamlegast sæktu um starfið á www.advania.is/atvinna Nánari upplýsingar veitir Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@advania.is eða 440 9000)

Advania er stærsta þekkingarfyrirtæki Íslands með 1.100 starfsmenn í fjórum löndum og höfuðstöðvar við Guðrúnartún í hjarta Reykjavíkur. Starfsfólk fyrirtækisins á Íslandi er um 600 talsins. Advania er fjölskylduvænn vinnustaður og er vinnutími sveigjanlegur. Fyrirtækið rekur öfluga jafnréttisstefnu og virka samgöngustefnu. Gildi Advania eru ástríða, snerpa og hæfni.

Guðrúnartún 10 | 105 Reykjavík | Sími 440 9000 | advania@advania.is | www.advania.is





Við leitum að starfsmönnum í tækniþjónustu og bakvinnslu.

Tækniþjónusta

Starfið fellst í þjónustu við viðskiptavinum í gegnum síma, bilanagreiningu og uppsetningu á nettengingum og símkerfum. Æskilegt er að umsækjandi hafi mikla þjónustulund og eftirtalda kosti:

- Þekkingu á bilanagreiningu
- Þekkingu á netkerfum
- Þekkingu á CISCO netbúnaði
- Þekkingu á VoIP
- Þekkingu á símkerfum, t.d. Asterisk eða Freeswitch
- Þekkingu á Linux

Bakvinnsla

Starfið fellst í að sinna þöntunum á nettengingum, símaþjónustu, farsímaþjónustu og símkerfum frá viðskiptavinum og samskiptum við birgja vegna þeirra. Æskilegt er að umsækjandi hafi mikla þjónustulund og eftirtalda kosti:

- Samvirkusemi
- Nákvæmni
- Reynsla af skrifstofustörfum

Símafélagið er lítið en ört vaxandi fjarskiptafyrirtæki sem býður upp á nettengingar, símaþjónustu, farsímaþjónustu og símkerfisþjónustu. Okkar helstu viðskiptavinir eru fyrirtæki, bæði stór og smá.

Ef þú vilt vinna með okkur, sendu okkur þá ferilskrá á atvinna@simafelagid.is

Við leggjum mikið upp úr fyrsta flokks vinnuumhverfi, bæði skemmtilegt og frjálst. Þegar við getum tökum við leik á poolborðinu, köstum þílum eða gerum annað skemmtilegt. Allir starfsmenn fá ókeypis mat og goskælirinn er alltaf fullur.



Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Skrifstofustjóri	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Reykjavík	201303/100
Afgreiðslufulltrúi	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Reykjavík	201303/099
Hjúkrunarfræðingur	Landspítali, lungnadeild	Reykjavík	201303/098
Aðstoðarskólameistari	Fjölbrotaskólinn í Breiðholti	Reykjavík	201303/097
Verkefnastjóri í svæðasamstarfi	Þróunarsamvinnustofnun Íslands	Reykjavík	201303/096
Sérfræðingar í upplýsingatækni	Landhelgisgæsla Íslands	Reykjavík	201303/095
Dýralæknir	HÍ, Tilraunastöð að Keldum	Reykjavík	201303/094
Lektor	HÍ, hjúkrunarfræðideild	Reykjavík	201303/093
Aðjúnt í starfsþjálfun	HÍ, félagsvísindasvið	Reykjavík	201303/092
Lektor í kennslufræði	HÍ, menntavísindasvið	Reykjavík	201303/091
Hjúkrunarfræðingur	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Seyðisfjörður	201303/090
Hjúkrunarfræðingur	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Selfoss	201303/089
Aðstoðarm. á myndgreiningardeild	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Reykjanesbær	201303/088
Skrifstofumaður	LSH, erfða- og sameindalækisfr.d.	Reykjavík	201303/087
Hjúkrunarfræðingur	LSH, meltingar- og nýrnadeild	Reykjavík	201303/086
Sjúkraliði	LSH, meltingar- og nýrnadeild	Reykjavík	201303/085
Sérfr.læknir í krabbameinslækn.	LSH, geislameðferð	Reykjavík	201303/084
Sérfræðingur	LSH, rekstrarlausnir	Reykjavík	201303/083
Sérfræðingur	LSH, rekstrarlausnir	Reykjavík	201303/082
Aðstoðardeildarstjóri	LSH, röntgendeild	Reykjavík	201303/038
Sjúkraliði, hjúkrunarfræðingur	Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð	Ólafsfjörður	201303/081
Gæslumaður við geðdeild	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201303/080
Sálfræðingur	Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	Húsavík	201303/079

Capacent Ráðningar

VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.

Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent



greenqloud

GreenQloud leitar að kerfisrekstrarstjóra

GreenQloud leitar að öflugum einstaklingum til að gangast til liðs við rekstrarstjóri sitt. Reksturinn felur í sér umsjón með klasa af Linux netþjónum, netkerfum og þjónustum og áframþróun á rekstrarumhverfi.

Grunnkröfur:

- Starfsreynsla í kerfisstjórn
- Reynsla af rekstri Linux/UNIX kerfa
- Reynsla af rekstri IP netkerfa
- Reynsla af rekstri netkerfa, eldveggja og beina
- Reynsla af skeljarskriftu forritun

Æskilegt:

- Reynsla af rekstri sýndarvélaumhverfa
- Þekking á KVM sýndarvélatekni
- Reynsla af rekstri BGP uppsetninga

Kostur:

- Reynsla af forritun í python eða ruby
- Reynsla af rekstri devops umhverfa líkt og chef eða puppet
- Reynsla af rekstri gagnagrunnskerfa líkt og MySQL


Í boði fyrir rétta einstaklinginn:

- Skemmtilegt, skapandi og krefjandi starfsumhverfi
- Samkeppnishæf laun
- Kaupréttir
- Sveigjanlegur vinnutími

Umsóknir skulu berast með tölvupósti á netfangið jobs@greenqloud.com.

Frekari upplýsingar veitir Tryggvi Lárusson í síma 415-0200.

GreenQloud er fyrsta íslenska tölvuskýið og fyrsta umhverfisvæna tölvuský heims. Fyrirtækið er ríflega tveggja ára gamalt, í hröðum vexti og hefur hlotið styrki frá Rannís og fjárfestingu frá Nýsköpunarsjóði atvinnulífins m.a.



Rafvirki óskast

Erum að leita að Rafvirkja með full réttindi sem vanur er skipaviðgerðum og eða alskonar iðnaðar- og vélarafstýringum. Þarf að geta unnið sjálfstætt. Framtíðarstarf. Reglusemi áskilin.

Allar upplýsingar í síma 660 4100 eða á pósthfang rafvirki@vortex.is



Rafvirki ehf, Fossaleyni 2, 112 Reykjavík



Sölumaður

K. Richter hf. leitar að sölumanni.

Ef þú ert jákvæð/ur og finnst gaman að vinna, ert ávallt stundvís og hefur metnað til að læra, þá gæti þú verið sú/sá sem við leitum að.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af sölustarfi ásamt góðri þekkingu á byggingamarkaðnum æskileg.
- Hæfni í mannlegum samskiptum skilyrði.
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð.
- Góð almenn tölvu og enskukunnátta.

Helstu verkefni:

- Sala og ráðgjöf til viðskiptavina.
- Tilboðsgerð.
- Viðhald viðskiptatengsla og öflun nýrra.

Umsóknir ásamt ferilskrá með mynd sendist á netfangið: starf@krichter.is



GEISLAMEÐFERÐARDEILD KRABBAMEINA

Sérfræðilæknir í krabbameinslækningum

Laust er til umsóknar starf sérfræðilæknis í krabbameinslækningum á geislameðferðardeild krabbameina. Starfið felur m.a. í sér teymisvinnu með öðrum starfsstetum og sérgreinum spítalans.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Vinna á geisla-, dag- og göngudeild ásamt vaktþjónustu við krabbameinslækningadeild Landspítala
- » Vinna við samráðskvaðningar á aðrar deildir Landspítala og þátttaka í samráðsfundum
- » Þátttaka í kennslu og vísindavinnu í samvinnu við yfirlækni

Hæfniskröfur

- » Sérfræðiviðurkenning á Íslandi í krabbameinslækningum
- » Breið þekking og reynsla í geislameðferð krabbameina
- » Jákvæði, sveigjanleiki og lipurð í samskiptum

Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 21. apríl 2013.
- » Starfshlutfall er 100% eða eftir samkomulagi og veitist starfið frá 1. júní 2013 eða eftir samkomulagi.
- » Upplýsingar veitir Jakob Jóhannsson, sérfræðilæknir, netfang jakobjoh@landspitali.is, sími 543 1000.
- » Umsókn skulu fylgja vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu og stjórnunarstörfum ásamt sérprentun eða ljósriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað.
- » Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti, Jakobi Jóhannssyni, yfirlækni geislameðferðar krabbameina, LSH Geislameðferð, lækna: Hb-10K.
- » Mat stöðunefndar læknaáráðs Landspítala byggist á innsendum umsóknargögnum. Viðtöl verða við umsækjendur og ákvörðun um ráðningu í starfið byggir einnig á þeim.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á: www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun



Framtíðarsýn Landspítala er að vera í fremstu röð háskólasjúkrahúsa, eftirsóttur vinnustaður og stolt landsmanna, sjúklinga og starfsmanna. Landspítali er stærsti vinnustaður landsins með um 4.500 starfsmenn.

Heilbrigðis- og upplýsingatæknideild Landspítala (HUT) hefur umsjón með öllum tölvukerfum spítalans, lækningatækjum, tölvum og öðrum tæknibúnaði. Á deildinni starfa rúmlega 70 starfsmenn. Hlutverk deildarinnar er að styðja við kjarnastarfsemi spítalans enda heilbrigðis- og upplýsingatækni ein megin forsenda hagræðingar og framþróunar í starfsemi hans.

Rekstrarlausnir (RL) er eining innan HUT sem sér um rekstur tölvukerfa Landspítala og þjónustu við um 4.500 notendur. Í RL starfa rúmlega 30 sérfræðingar sem sinna daglegum rekstri og þjónustu ásamt innkaupum og innleiðingu á miðlægum tölvubúnaði. Starfsemi RL er vottuð samkvæmt öryggisstaðlinum ISO 27001.

Rekstur gagnagrunna og tengdra kerfa

Landspítali óskar eftir sérfræðingi í rekstri gagnagrunna og tengdra kerfa. Starfshlutfall er 100% og veitist starfið frá 1. maí 2013 eða eftir samkomulagi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Daglegur rekstur á Oracle og Microsoft gagnagrunnumhverfi
- » Þátttaka í þróun tækniumhverfis Landspítalans

Önnur verkefni

- » Rekstur VMware umhverfis
- » Rekstur TSM afritunarlausnar
- » Rekstur gagnageymsla
- » Almennur Linux rekstur

Hæfniskröfur

- » Háskólamenntun í tölvunarfræði, verkfræði eða sambærilegu æskileg
- » Fimm ára starfsreynsla á sviði upplýsingatækni
- » Viðamikil reynsla af rekstri gagnagrunna
- » Þekking á virkni fyrirspurnabestara (Query Optimizer) í Oracle og MS-SQL
- » Mikil reynsla af bilanaleit og viðgerðum

Rekstur netkerfa

Landspítali óskar eftir sérfræðingi í rekstri netkerfa. Viðkomandi skal hafa góða þekkingu á Cisco búnaði og hafa áhuga á að vinna við eitt stærsta og öflugasta netkerfi landsins.

Starfshlutfall er 100% og veitist starfið frá 1. maí 2013 eða eftir samkomulagi.

Landspítalinn rekur starfstöðvar á 15 stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Á netkerfi Landspítalans eru um 8.000 tölvur og önnur tæki sem tengjast um 300 netskiptum og 300 þráðlausum aðgangspunktum. Kröfur til netkerfisins eru miklar og fjölmörg spennandi verkefni framundan.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Rekstur netkerfis Landspítala

Hæfniskröfur

- » Háskólamenntun í tölvunarfræði, verkfræði eða sambærilegu æskileg
- » Cisco gráður eru æskilegar
- » 2-3 ára reynsla í rekstri netkerfa er æskileg

Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 6. apríl 2013.
- » Upplýsingar veitir Ólafur Halldórsson, netfang olafur.halldorsson@landspitali.is, sími 543 5453.
- » Umsóknum fylgi náms- og starfsferilskrá.
- » Ákvarðanir um ráðningar í störf byggjast á viðtölum og innsendum gögnum.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á: www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

VIÐ LEITUM AÐ DRÍFANDI MARKAÐSMANNI

Markaðsstofa Kópavogs leitar að metnaðarfullum og öflugum framkvæmdastjóra.

Helstu verkefni:

- Dagleg stjórnun og rekstur Markaðsstofu Kópavogs
- Gerð framkvæmda- og fjárhagsáætlana í samvinnu við stjórn og hagsmunadila.
- Frumkvæði og umsjón með kynningar- og markaðsmálum.
- Samskipti við hagsmunadila, samstarfs- og stuðningsstofnanir.
- Skipulagning og þátttaka í sýningum og ráðstefnum.
- Umsjón með heimsóknum blaðamanna og ferðaskrifstofa.
- Yfirumsjón með vefsíðu og samfélagsmiðlum Markaðsstofunnar.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýttist í starfi.
- Reynsla af markaðs- og kynningarmálum mikilvæg.
- Metnaður í starfi ásamt leiðtoga – og skipulagshæfileikum.
- Mjög góðir samstarfs- og samskiptahæfileikar.
- Góð íslensku- og enskukunnátta og hæfni til að tjá sig á þessum málum (önnur tungumál kostur).
- Góð tölvukunnátta og þekking á notkun samfélagsmiðla.

Umsóknarfrestur er til og með 11. apríl n.k.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Umsóknir skal senda til Kópavogsbær Skrifstofa, Fannborg 2, 200 Kópavogur, merktar „**Markaðsstofa Kópavogs, Framkvæmdastjóri**“. Allar frekari upplýsingar gefur Theodóra S. Þorsteinsdóttir (theodora07@ru.is)

Tilgangur Markaðsstofu Kópavogs er m.a. að efla atvinnuþróun og starfa að ferða- og markaðsmálum í Kópavogi með sérstakri áherslu á að auka atvinnustarfsemi innan marka sveitarfélagsins. Markaðsstofa er ætlað að efla samstarf atvinnulífsins, sveitarfélagsins og annarra sem vilja stuðla að uppbyggingu innan Kópavogs.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

Lindaskóli óskar eftir skólastjóra

Staða skólastjóra við Lindaskóla er laus til umsóknar.

Lindaskóli er staðsettur við Núpaland í austurbæ Kópavogs. Skólinn hóf starfsemi sína árið 1997. Á skólaárinu 2012-2013 eru tæplega 530 nemendur í skólanum. Skólinn hefur á að skipa vel menntuðu og hæfu starfsfólki og stöðugleiki er í starfsmannahaldi. Lindaskóli leggur rækt við listir og menningu í skólastarfinu. Hann leggur jafnframt áherslu á umhverfismennt og tekur þátt í Grænfánaverkefninu. Virk heilsuefning er eitt einkenna skólans og hefur hann til margra ára verið í forystusveit skóla sem tekið hafa þátt í Skóláhreysti. Mikil og góð samvinna hefur verið milli skólans og heimila í nærumhverfinu.

Leitað er að stjórnanda sem veitir faglega forystu og býr yfir hæfni til að skipuleggja krefjandi skólastarf í samvinnu við kennara, foreldra og skólafyrirvöld. Framtakssemi, samskiptahæfni og góðir skipulagshæfileikar eru því nauðsynlegir.

Menntunar og hæfniskröfur:

- Kennsluréttindi og kennslureynsla á grunnskólastigi
- Reynsla af stjórnun og faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi
- Æskileg framhaldsmenntun á sviði uppeldis- og menntunarfræða, stjórnunar eða öðrum greinum sem nýtast í skólastjórnun
- Færni í áætlanagerð og fjármálastjórnun
- Forystuhæfileikar og samskiptahæfni

Frekari upplýsingar:

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launaneftdar sveitarfélaga og KÍ. Ráðið verður í stöðuna frá 1. ágúst 2013.

Umsóknarfrestur er til og með 8. apríl 2013.

Nánari upplýsingar veita Ragnheiður Hermannsdóttir, deildarstjóri grunnskóladeildar, ragnheidur@kopavogur.is og Anna Birna Snæbjörnsdóttir, sviðsstjóri menntasviðs, annabs@kopavogur.is eða í síma 570 1500.

Hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.

Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is.



Kópavogsbær

kopavogur.is

Yfirþjónn

Kaffi Krús óskar eftir að ráða yfirþjón. Viðkomandi þarf að hafa reynslu, vinna vel í hóp og vera skipulagður. Kaffi Krús er veitingastaður og kaffihús á Selfossi, en samhliða daglegum rekstri veitingastaðarins er veisluþjónusta í örum vexti.

Áhugasamir sendi upplýsingar um nafn, aldur, fyrri störf á kaffikrus@kaffikrus.is.

Nánari upplýsingar gefur Tómas Þóroddsson í síma 699-0660



Knattspyrnufélagið Valur leitar eftir húsverði

Starfslýsing

Húsvörður starfar í verslun og veitingasölu ásamt því að sinna þrifum, almennum verkefnum og frágangi húss á kvöld- og helgarvöktum. Vinnutími er frá 16:00-23:00 virka daga og 9:30 til 17:00 um helgar en getur breyst lítillega. Gert er ráð fyrir vinnu 15 daga í mánuði

Hæfniskröfur

Frumkvæði, sjálfsstæði og heiðarleiki
Hreint sakavottorð
Umsókn ásamt ítarlegri ferilskrá sendist á gudmundur@valur.is
Umsóknarfrestur er til og með 27. mars 2013.

Verkstjóri merkingarstarfsemi

Helstu verkefni:

- Verkstjórn í merkingarstarfsemi Tanna.
- Digital prent, silkiprent og aðrar merkingar.
- Vörumóttaka, vöruafgreiðsla og önnur lagerstörf.
- Gerð „prófarka“ í Illustrator o.fl. í afleysingum.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af silkiprenti og slíkum merkingum.
- Reynsla og þekking í Illustrator og Photoshop.
- Reykleysi er kostur.

Umsóknir berist á
